



Slökkvilið Fjarðabyggðar
Hraun
730 Fjarðabyggð

Fjarðabyggð, 20. október 2023
Tilvísun 2308147/11.3

Brunavarnaráætlun 2023 - Minnsblað við fyrri umræðu

Brunavarnaráætlun Fjarðabyggðar er hér lögð fram til fyrri umræði í bæjarráði og bæjarstjórn Fjarðabyggðar.

Brunavarnaáætlunin er gerð fyrir Slökkvilið Fjarðabyggðar samkvæmt ákvæðum í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 frá 1. janúar 2001. Í 13. grein þeirra segir:

“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í sveitarfélaginu. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins og atvinnulífi að fá upplýsingar um þjónutustig, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Brunavarnaáætlun Fjarðabyggðar er unnin skv. leiðbeiningum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Breytingar

Vinna við gerð brunavarnaráætlunar hefur staðið yfir um nokkurn tíma en síðasta áætlun rann gildi fyrir árin 2015 – 2020. Sú áætlun sem hér er lögð fram er byggð á þeirri áætlun en hefur verið uppfærð miðað við þær breytingar sem orðið hafa á samfélaginu og slökkviliðinu sjálfu.

Þær breytingar sem orðið hafa frá fyrri áætlun eru þessar helstar:

- Sameining Fjarðabyggða við Breiðdalsvík átti sér stað um mitt ár 2018. Breiðdalsvíks hefur þess vegna verið bætt við áætlunina þar sem það á við.
- Upplýsingum um Norðfjarðargöng hefur verið bætt við.
- Í viðauka 5 hefur verið bætt við kortum sem sýna staðsetningu sveitabæja í Fjarðabyggð.
- Tækjalisti hefur verið uppfærður m.v. nýjustu uppfærslur á tækjabúnaði liðsins.
- Skipurit uppfært til samræmis við það sem nú er.
- Allur texti hefur almennt yfirfarinn og lagaður að slökkviliðinu eins og það er í dag.



Bæjarráð fékk drög að brunavarnaráætluninni til skoðunar á 810. fundi sínum þann 29. ágúst sl. Engar meiriháttar breytingar hafa átt sér stað á henni síðan þá, fyrst og fremst hefur texti verið lagfærður m.t.t. stafsetningar og orðalags.

Drög að áætluninni hafa einnig verið lesin yfir á fulltrúum á brunavarnarsviði HMS og áætlunin þannig verið rýnd eins vel og kostur er.

Þórður Vilberg Guðmundsson
forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála

